


SAMKEPPNI UM HÖNNUN MIÐBÆJAR HVERAGERÐISBÆJAR



SAMKEPPNI UM HÖNNUN MIÐBÆJAR HVERAGERÐISBÆJAR

GREINARGERÐ



NÝ BYGGÐ Í ANDA STAÐARINS

Meginmarkmið tillögunnar er að styrkja þau einkenni sem gera Hveragerði að sérstöku bæ, ólíkan öðrum hér á landi. Tímamót eru að verða með breyttri tilhögun ylræktar. Á vannýttum ræktunarlóðum í hjarta bæjarins gefst tækifæri til að leggja nýjar línur í mótun byggðar. Fremur en að "flytja inn" þakkalausnir frá öðrum stöðum hafa höfundar leitað innblásturs og fyrirmynda í því sem fyrir er í byggð og skipulagi. Reynt er að draga sérkenni bæjarins fram, gera þau sýnilegri og vinna með þau á skapandi hátt.



Hveragerði er bær byggður á virku jarðhitasvæði, í upphafi skipulagður út frá þörfum orkuvinnslu og ræktunar. Þær atvinnugreinar sem nú er helst litið til eiga sér langa hefð í þessum bæ: ferðaþjónusta, lífræn ræktun, nýting jarðvarma og heilsutengd þjónustustarfsemi. Trjágróður fremur en byggð markar ásýnd hans, lágreist hús og lítt áberandi, vinalegt svipmót. Glerhús hituð með jarðvarma er ómissandi þáttur í bæjarmynd Hveragerðis, byggingarlag sem felur í sér mikla möguleika til nýsköpunar í byggingarlist í jarðhitalandi á norðlægum slóðum, þar sem veður og birta eru síbreytileg.



HVERASVÆÐI TENGT AÐALGÖTU

Hverasvæðið í miðju bæjarins er einstakur áfangastaður sem fáir vita af og margir gestir fara á mis við. Svæðið er ekki í tengslum við þungamiðju bæjarins, núverandi aðkoma er um fáfarna hliðargötu. Sett er fram hugmynd um "framlengingu" hverasvæðisins til vesturs í formi almenningssvæðis (hveragarðs). Jarðfræðileg einkenni staðarins eru dregin fram í útfærslu opinna svæða milli nýrra léttbygginga sem liggja samsíða Breiðumörk. Mörk svæðisins miðast við 15° jafnhitalínu sem auðkennd er í aðalskipulagi og setur gerð og umfangi bygginga skorður. Svæðið er hannað sem áþreifanleg tenging hverasvæðis og miðbæjar auk þess að vera öðrum þræði eins konar fræðslustofa eða sögu- og umhverfissafn undir berum himni. Í léttbyggingum innan svæðisins má sjá fyrir sér græna markaði fyrir framleiðsluvörur bæjarins, blóm, tré, ávexti, grænmeti og rjómaís. Einnig veitinga- og kaffihús í gróðri fylltum laufskálum, vinnustofur, bakarí með áherslu á hverabrauð, verkstæði og sýningarskála. Þessi óvenjulegi miðkjarni á að verða táknrænn fyrir bæinn, sérstöðu hans og gildi, andlit hans á nýjum tímum þar sem ferðaþjónusta, heilsurækt og græn gildi verða í öndvegi.





ÍBÚÐABYGGÐ Á LÓÐUM GRÓÐRARSTÖÐVA

Í fyrsta skipulagi Hveragerðis voru þarfir nýbýla og garðræktar lagðar til grundvallar. Húsareitir miðsvæðis eru stærri og lóðir dýpri en í öðrum íslenskum bæjum. Vannýttar ræktunarlóðir í hjarta bæjarins eru vel til þess fallnar að þetta byggð en mikilvægt er að varðveita það lágreista yfirbragð sem gefur umhverfinu gildi. Sett er fram hugmynd um lága en þetta byggð sérbýlishúsa (rað og parhúsa). Húsin eru á einni hæð með möguleika á léttu glerhúsi, aukaherbergi og svölum á þaki. Íbúðir geta verið misstórar en hafa allar lítinn einkagarð. Í samanburði við dýrar íbúðir í kuldalegum blokkahverfum höfuðborgarsvæðisins eru lítil og hagkvæm sérbýli með eigin garði í vinalegu umhverfi smábæjar aðlaðandi kostur. Nýja byggðin myndar eins konar vef sem lagar sig að ríkjandi lóðastærðum og fléttast inn á milli eldri húsa. Form húsanna býður upp á fjölbreytilegar lausnir í stærð íbúða, lofthæð og innra skipulagi. Mögulega geta vinnustofur og verkstæði tengst íbúðum, líkt og hefð er fyrir í listamannabænum Hveragerði.

Uppbyggingin er hugsuð í hægum skrefum og án stórfellds umróts í bæjarmyndinni. Byggja má á einstökum lóðum og með því komast hjá uppkaupum á heilum reitum. Bílastæði eru inn á milli húsanna, skilin að frá götu með trjágróðri til að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra á götumynd.

UPPHAFSSTAÐUR BYGGÐAR

Það gefur bænum gildi að allflestar byggingar frá upphafi byggðar þar hafa varðveist. Hótelíð og mjólkurbúið, tvö elstu húsin, eru teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins á árunum 1928-29. Saman mynda þau "sögulegan kjarna" við enda Breiðumarkar. Í næsta nágranni er Egilshús, áður sumardvalarheimili og skóli, merk bygging sem ástæða er til að varðveita. Það líður fyrir óheppilega staðsetningu inn á núverandi skólalóð, stendur þar í vegi fyrir mögulegri stækkun grunnskólans. Lagt er til að húsið verði flutt inn að lóð mjólkurbúsins og því snúið þannig að hliðar bygginganna myndi afmarkað svæði. Í gömlu byggingunum felast ýmis tækifæri, t.d. með nýtingu í þágu félags- og æskulýðsstarfs eða ferðaþjónustu í tengslum við uppland bæjarins, Varmá, Reykjadal og Hengissvæðið.



AÐALGATAN BREIÐAMÖRK

Í skipulagi Hveragerðis myndar aðalgatan Breiðamörk meginás og þungamiðju bæjarins. Þvergötur hennar hafa hver sín einkenni. Við enda þeirra opnast sýn annars vegar til fjallahringsins ofan við bæinn og hins vegar yfir flata víðáttu Ölfussins með Atlantshafið við sjónarrönd. Götur Hveragerðis mynda samfellt net tenginga með jafnri umferðardreifingu, líkt og í eldri bæjum í Evrópu og Ameríku. Í tillöggunni er reynt að móta nýja byggð við aðalgötuna þannig að sérkenni bæjarins í byggð og náttúrufari verði sýnileg þeim sem aka inn í bæinn. Á byggingarreitum norðan götunnar er lagt til að reistar verði léttar og gagnsæjar lágbyggingar með gróðurhús staðarins sem fyrirmynd. Sérkennandi byggingarlag bæjarins er dregið fram í ásýnd hans auk þess sem léttbyggingar falla vel að þeim takmörkunum sem eru á nýtingu lands á þessum reitum vegna hita í jörðu. Með þessu móti verður önnur hlið aðalgötunnar "græn", glerhús í návígi við gangstétt nær þjóðveginum og innar í bænum grónir trjágarðar framan við íbúðarhús. Andspænis enda Austurmarkar er lítið bæjartorg umgirt trjám á þrjá vegu, hentugt fyrir útmarkaði og ýmsar samkomur bæjarbúa.



Sunnan Breiðumarkar er annars konar byggð, 2-3 hæða hús með verslunum og þjónustustarfsemi á jarðhæð og íbúðum og skrifstofurými á efri hæðum. Gert er ráð fyrir mestri þéttingu á jaðri atvinnu- og verslunarlóða sem liggja að Breiðumörk og Austurmörk. Með því verða skýrari skil milli grófs iðnaðar annars vegar og verslunar og ferðaþjónustu hins vegar. Við Breiðumörk að sunnan eru bílastæði fyrir viðskiptavinum í ymist meðfram götu í beinum tengslum við gangstétt og verslanir eða inn á lóðum, í skjóli bak við byggingar, einkum á reitum nær þjóðveginum. Plöntun er markvisst beitt til að styrkja og milda ásýnd aðalgötunnar. Á kaflanum milli Suðurlandsvegur og Austurmarkar er lagt til að akstursstefnur götunnar verði aðskildar með mjóum gróðurreit og fallegri götulýsingu.





1. desember 2008